




## AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR 2010-2030

Breyting vegna stækkunar á Skaganámu

**01.03.2023**





## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

8776-004-07-GRG-001-V05

### HÖFUNDUR

---

Kamma Dögg Gísladóttir

### RÝNT

---

Anna Bragadóttir

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
1.1 Skipulagsgögn	4
FORSENDUR	4
2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.2 Minjar	5
2.3 Vistgerðir og gróður	6
2.4 Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.4.2 Gildandi aðalskipulag	7
2.5 Deiliskipulag	7
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
3.1 Greinargerð fyrir breytingu:	7
3.2 Greinargerð eftir breytingu:	7
3.3 Breyting á uppdrætti	8
UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
4.1 Umhverfispættir og viðmið	8
4.2 Valkostir og samanburður	8
4.2.1 Niðurstaða og mótvægisáðgerðir	9
MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	10
5.1 Skipulagslýsing og vinnslutillaga	10
5.2 Auglýst tillaga	10
5.3 Umsagnaraðilar	10
Þéttbýlisuppdráttur	11

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu Skaganámu. Mynd: kortasjá Múlapings.	5
Mynd 2. Mynd sem sýnir Skaganámu frá Vesturvegi. Rauðlína sýnir umfang fyrirhugaðrar stækkunar. Mynd: Efla.	5

## INNGANGUR

Sveitarfélagið Múlaþing setur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarskaupstaðar 2010-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Breytingin felur í sér að stækka Skaganámu og heimila aukna efnistöku. Fyrirhugað er að heimila efnistöku fyrir allt að 350.000 m<sup>3</sup>. Núverandi aðalskipulag heimilar efnistöku fyrir allt að 30.000 m<sup>3</sup> í tengslum við snjóflóðavarnargarða sem nú eru í byggingu undir Bjólfshlíðum. Þörf er á meiri efni úr námunni fyrir snjóflóðavarnirnar auk þess sem fyrirséð er að þörf verður á efni vegna annarra framkvæmda á svæðinu s.s. fyrir frekari ofanflóðavarnir, landfyllingu og fyrir almennar framkvæmdir sem tengjast uppbyggingu á svæðinu. Fyrirhuguð stækkun á Skaganámu er ekki samræmi við gildandi aðalskipulag og því kallar stækkunin á aðalskipulagsbreytingu.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og þéttbýlisupprætti. Breytingin er sett fram í greinargerð þessari og breyting á upprætti, sem sjá má aftast.

## FORSENDUR

### 2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Skaganáma stendur við Seyðisfjörð í Múlaþingi. Bærinn Seyðisfjörður stendur við samnefndan fjörð og er fjörðurinn um 15 km langur með meginstefnu ANA-VSV en innsti hluti fjarðarins sveigist til suðurs við Strandatind. Hár fjallahringur umlykur þéttbýlið og er undirlendi lítið. Strandatindur og Bjólfur eru áberandi kennileiti í landslaginu í Seyðisfirði. Skaganáma stendur fyrir neðan Bjólf sem rís norðan og norðvestan fjarðarins. Aðkoma að námunni er frá Vesturvegi. Um er að ræða opna námu sem er í notkun og er staðsett innan þéttbýlismarka Seyðisfjarðar, í jaðri byggðarinnar. Í næsta nágrenni við námuna er kirkjugarður, golfvöllur, íbúðarbyggð og hesthúsahverfi. Náman er ekki innan verndarsvæðis og þar eru ekki jarðmyndanir sem njóta verndar. Svæðið er að hluta til innan skilgreinds hættusvæðis B og C.





Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu Skaganámu. Mynd: kortasjá Múlþings.



Mynd 2. Mynd sem sýnir Skaganámu frá Vesturvegi. Rauðlína sýnir umfang fyrirhugaðrar stækkunar. Mynd: Efla.

## 2.2 Minjar

Fornleifaskráning hefur farið fram á hluta svæðisins í tengslum við umhverfismat snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum og í tengslum við umhverfismat Fjarðarheiðaganga, lítill hluti svæðisins er óskráður. Innan svæðisins eru skráðar fjórar minjar og ein rétt fyrir utan, allar minjarnar eru taldar í hættu og þarf leyfi Minjastofnunar til að raska þeim:

- NM – 249-73 (niðurgröftur) – Hringlaga niðurgrafið mannvirki. Ein af fjórum holum sem allar eru svipaðar í lögun.
- NM-249-75 (niðurgröftur) – Rúst sem skiptist í tvö rými. Á milli þeirrar tóftar og annarrar minni er 1 m breiður veggur. Minjarnar eru rétt fyrir utan við mörk aðalskipulagsbreytingarinnar.
- 509 (hleðsla) – Húsgrunnur líklega af útihúsi.
- 510 (garðlag) – Matjurtagarður sem stendur við húsgrunn. Garðurinn er opinn til austurs en á öðrum hliðum eru veggir sem virðast vera gerðir úr uppmokstri. Matjurtagarðurinn sést ekki á loftmynd frá 1955 og telst því líklegast ekki til fornleifa.
- Seyðisfjörður – 2048-40 (niðurgröftur) – Leifar af niðurgröfnum skotbyrgi frá hernámstímanum og telst því ekki til fornleifa.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram með hvaða skilmálum.

### 2.3 Vistgerðir og gróður

Skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir við Skaganámu mosamelavist, víðimelavist og grasmelavist. Þessar vistgerðir eru metnar með lágt verndargildi. Náttúrustofa Austurlands gerði vettvangsathugun á gróðri árið 2019 í tengslum við umhverfismat snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum. Það kemur fram að umhverfis Skaganámu er svæðið að mestu manngert land. Þar má sjá tegundir á borð við skriðsóley, smára, lúpínu, njóla og túnfífil, en einnig sumarblóm og annan garðaúrgang. Einnig var skráð urðarskriðuvist en hún er metin með miðlungs verndargildi. Við vettvangsathugun Náttúrustofu Austurlands árið 2021 í tengslum við umhverfismat Fjarðarheiðaganga er vistgerðin língresis- og vingulsvist skráð sunnan og vestan raskaðs svæði námunnar. Vistgerðin er metin með hátt verndargildi og er mjög algeng hér á landi og er útbreidd í flestum landshlutum.

### 2.4 Tengsl við aðrar áætlanir

#### 2.4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um gæði hins byggða umhverfis og samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og verður horft til við gerð þessarar skipulagsbreytingar:

„3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“*

„3.4.1 Öflugir innviðir.

*Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“*

#### 2.4.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, staðfest 22.12.2010. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið að mestu skilgreint sem athafnasvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði (SL1) og að litlum hluta sem óbyggt svæði og opin svæði til sérstakra nota. Í breytingu á aðalskipulaginu sem samþykkt var í september 2021, eru eftirfarandi skilmálar um Skaganámu:

*E11 Skaganáma. Gömul náma sem hugsuð er til efnistöku í tengslum við uppbyggingu á varnarmannvirkjum í Bjólfshlíð. Áætluð efnistaka er allt að 30.000 m<sup>3</sup>. Stærð efnistökusvæðis er allt að 2 ha. Raska skal sem minnst af landi og við frágang skal aðlaga svæðið að liggjandi umhverfi.*

### 2.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin felur í sér breytingu á þéttbýlisuppdrætti og kafla 8 í greinargerð. Á þéttbýlisuppdrætti er afmörkun á efnistökusvæði E11 stækkuð og þ.a.l. minnkar athafnasvæði við Vesturveg nokkuð sem og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL1 og óbyggt svæði minnkar lítillega.

#### 3.1 Greinargerð fyrir breytingu:

E11 Skaganáma. Gömul náma sem hugsuð er til efnistöku í tengslum við uppbyggingu á varnarmannvirkjum í Bjólfshlíðum. Áætluð efnistaka er allt að 30.000 m<sup>3</sup>. Stærð efnistökusvæðis er allt að 2 ha. Raska skal sem minnst af landi og við frágang skal aðlaga svæðið að nærliggjandi umhverfi.

#### 3.2 Greinargerð eftir breytingu:

E11 Skaganáma. Gömul náma sem hugsuð er til efnistöku í tengslum við uppbyggingu á varnarmannvirkjum í Bjólfshlíðum og önnur tilfallandi verkefni. Áætluð efnistaka er allt að 350.000 m<sup>3</sup>. Stærð efnistökusvæðis er allt að 5,3 ha, raska skal sem minnst af landi. Við frágang og að framkvæmdum loknum skal aðlaga svæðið að nærliggjandi umhverfi, binda jarðveg með gróðri, gæta þess að ágengar tegundir nái ekki fótfestu og skilja ekki eftir lægðir svo vatn safnist ekki saman.

### 3.3 Breyting á uppdrætti

Á þéttbýlisuppdrætti er afmörkun á efnistökusvæði E11 stækkað í allt að 5,3 ha. Athafnasvæði við Vesturveg er minnkað um 4 ha, skógræktar- og landgræðslusvæði SL1 minnkar um 1,1 ha og óbyggð svæði minnka lítillega eða um 0,2 ha.

## UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, skv. tl. 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá fyrir 19.12.2022 og er stækkunin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### 4.1 Umhverfisþættir og viðmið

Við breytingu á aðalskipulagi eru skoðuð áhrif á umhverfisþætti sem eru í töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi.

### 4.2 Valkostir og samanburður

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

1. **Núllkostur – gildandi aðalskipulag.** Skv. gildandi aðalskipulagi er heimiluð efnistaka allt að 30.000 m<sup>3</sup> á um 2 ha svæði.



2. **Valkostur I – breytt aðalskipulag.** Breyting á aðalskipulagi þar sem heimiluð efnistaka er allt að 350.000 m<sup>3</sup> á um 5,3 ha svæði.

Í töflu hér að neðan eru borin saman umhverfisáhrif metinna valkosta.



Tafla 2. Samanburður umhverfisáhrifa

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR	VALKOSTUR I
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag. Jarðmyndanir. Ásýnd og yfirbragð.</i>	Óveruleg áhrif – Efnistaka hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem njóta verndar. Áhrif eru staðbundin og svæðið er að hluta til nú þegar raskað. Við frágang er lögð áhersla á að vanda frágang og svæðið falli vel að aðliggjandi umhverfi.	Óveruleg áhrif /neikvæð áhrif – Efnistaka hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og þá einkum á farmkvæmda- og rekstrartíma námunnar. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem njóta verndar. Áhrif eru staðbundin og svæðið er að hluta til nú þegar raskað. Við frágang er lögð áhersla á að vanda frágang og svæðið falli vel að aðliggjandi umhverfi.
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</i>	Óveruleg áhrif – Efnistaka kemur til með að raska vistgerðum sem hafa lágt til hátt verndargildi en eru allar algengar og útbreiddar hér á landi.	Óveruleg áhrif – Efnistaka kemur til með að raska vistgerðum sem hafa lágt til hátt verndargildi en eru allar algengar og útbreiddar hér á landi.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði. Öryggi.</i>	Óveruleg áhrif /neikvæð áhrif – getur haft áhrif á uppbyggingu á varnarmannvirkjum vegna snjóflóðavarna.	Óveruleg áhrif /neikvæð áhrif – Aukin efnistaka kemur ekki til með að breyta núverandi ástandi hljóðvistar. Umferð mun að mestu fara um vinnuslóða og að framkvæmdarsvæði við ofanflóðavarnir. Kemur einnig í veg fyrir að það þurfi að flytja efni um langan veg. Áhrifin eru staðbundin og tímabundin.
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i>	Neikvæð áhrif – þörf er á meira efni við uppbyggingu varnarmannvirkja á Seyðisfirði. Ef ekki er brugðist við þeirri þörf geta framkvæmdir stöðvast eða þurft að keyra efni um langan veg og lengt framkvæmdartíma með tilheyrandi óþægindum.	Jákvæð áhrif – Það er verið að bregðast við aukinni eftirspurn eftir efni í varnargarða og fyrir aðrar framkvæmdir sem stuðla að uppbyggingu á svæðinu.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Engin áhrif – kemur ekki til með að raska skráðum forleifum.	Neikvæð áhrif – Lítil hluti svæðisins hefur ekki verið fornleifaskráður en fjórar minjar innan svæðis og ein utan eru taldar í hættu vegna stækkunar á efnistöku svæðis.

4.2.1 Niðurstaða og mótvægisáðgerðir

Sveitarfélagið vill heimila aukna efnistöku í Skaganámu, það styttrir þá vegalengd sem þarf að aka til að sækja aukið efni í varnargarða og aðrar framkvæmdir sem tengjast uppbyggingu á svæðinu. Staðsetningin er því heppileg hvað varðar nálægð við framkvæmdarsvæðið. Sveitarfélagið telur að heildar umhverfisáhrif af aukinni efnistöku í Skaganámu sé óveruleg. Svæðið hefur þegar verið raskað að hluta vegna efnistöku og þaðan lagður vinnuslóði að framkvæmdarsvæði varnargarða undir Bjólfshlíðum. Helstu neikvæðu áhrifin eru á ásýnd og landslag og leggur sveitarfélagið áherslu að efnistöku lokinni verði gengið frá svæðinu og það aðlagað að nærliggjandi umhverfi skv. skilmálum í kafla 3.2. Einnig eru neikvæð áhrif metin á minjar. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að bera fyrirhugaða efnistöku undir Minjastofnun til að leggja mat á hvaða mótvægisáðgerða er þörf vegna

minja innan svæðisins. Hávaða vegna efnistöku á svæðinu skal takmarka við tímamörk sem koma fram í töflu IV í viðauka reglugerðar nr. 724/208 um hávaða vegna nálægðar við íbúðabyggð.

## **MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR**

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

### **5.1 Skipulagslýsing og vinnslutillaga**

Skipulagslýsing ásamt vinnslutillögu var kynnt dagana 20.01.2023 – 16.02.2023 og bárust umsagnir frá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurland, Fjarðabyggð, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni.

### **5.2 Auglýst tillaga**

Breytingin var kynnt og auglýst í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins dagana 21.04.2023 - 02.06.2023. Umsagnir bárust frá: Skógræktarfélagi Seyðisfjarðar og Minjastofnun Íslands en engar athugasemdir voru gerðar.


### **5.3 Umsagnaraðilar**

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Skógræktarfélag Seyðisfjarðar



Breyting vegna stækkunar á Skaganámu



GILDANDI UPPDRÁTTUR 1:10.000



BREYTTUR UPPDRÁTTUR 1:10.000

SKÝRINGAR

- ÍBÚDARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAFYGGÐ
- VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
- MIÐSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- ATHAFNASVÆÐI
- IÐNAÐARSVÆÐI
- SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆDSLUSVÆÐI
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- BLÖNDUÐ LANDNOTKUN
- SJÓR, ÁR, VÖTN OG LÆKIR
- UPPISTÖÐULÓN
- EFNISTÖKUSVÆÐI
- MÖRK SVEITARFÉLAGSINS
- JARÐAMÖRK
- STOFNVEGIR
- TENGVÍEGIR
- AÐRIR VEGIR - TIL SKÝRINGAR / EKKI TIL STAÐFESTINGAR
- GÖNGUSTÍGAR / GÖNGULEIÐIR
- REIÐSTÍGAR / REIÐLEIÐIR
- RAFVEITA OFANJARÐAR
- RAFVEITA Í JÖRÐ
- SÍMALÍNA OFANJARÐAR
- SÍMALÍNA Í JÖRÐ; FELLUR AÐ MESTU Í VEGI
- LJÓSLEIÐARI
- SÆSTRENGUR - FARICE
- VATNSVEITA
- SKÓLP / ÚTRÁS
- HÚS / BYGGING
- TRJÁRÆKT
- KIRKJUGARÐUR
- HÆTTUSVÆÐI C (ÓBYGGÐ SVÆÐI)
- HÆTTUSVÆÐI B (ÓBYGGÐ SVÆÐI)
- HÆTTUSVÆÐI A (ÓBYGGÐ SVÆÐI)
- STAÐARÁHÆTTA 3,0 AF 10.000 Á ÁRI - LÍNA c
- STAÐARÁHÆTTA 1,0 AF 10.000 Á ÁRI - LÍNA b
- STAÐARÁHÆTTA 0,3 AF 10.000 Á ÁRI - LÍNA a
- ÚTLÍNUR HÆTTUMATSSVÆÐIS
- MÖRK BREYTINGAR

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulags breyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði þann \_\_\_\_\_ og í sveitarstjórn Múlaþings þann \_\_\_\_\_ Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ f.h. sveitarfélagsins Múlaþings

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010 þann \_\_\_\_\_



Péttbýlisuppráttur - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030  
Breyting á aðalskiplagi vegna stækkunar Skaganámu  
Múlaþing

VERK: 8776-004-07      BLAÐSTÆRÐ: A4      UNNIÐ: KDG      RÝNT: AB

MÆLIKVARÐI: 1.10.000      DAGS: 01.03.23      DAGS.BREYT: \_\_\_\_\_

SAMÞYKKT: \_\_\_\_\_